

Þrotabúið var enn til meðferðar, átt að kveða upp úrskurð um þá málaleitun, að sóknaraðili fengi bréfin afhent með framsali til sín. Eru engin efni til að endurupptaka skiptin til að fjalla um rétt sóknaraðila til bréfanna.

Samkvæmt þessu ber að hafna kröfu sóknaraðila.
Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Framangreindri kröfu sóknaraðila er hafnað.

Þriðjudaginn 24. nóvember 1987.

Nr. 25/1987. **Pétur Haukur Jónsson**

(Jón Hjaltason hrl.)

gegn

Guttormi Rafnkelssyni og

Svanhvíti Kristjánsdóttur

(Ólafur Þorláksson hrl.)

Lögbannsgerð úr gildi felld. Aðild. Leiðbeiningaskylda dómara.
Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. janúar 1987.

Hann gerir þær dómkröfur, að lögbann, sem lagt var við töku hans á mól úr sameiginlegu landi Árnanes I, II og III, Nesjahreppi,

Austur-Skaftafellssýslu, 15. september 1986 verði fellt úr gildi og hann algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefndu og þeim dæmt in solidum að greiða honum málskostnað að skaðlausu í héraði og fyrir Hæstarétti. Ennfremur áskilur hann sér rétt til þess í sérmáli að krefja stefndu skaðabóta vegna tjóns, sem hann hafi beðið eða kunni að biða vegna lögbansins.

Dómkröfur stefndu eru þær að áfrýjaður dómur verði staðfestur, og áfrýjanda gert að greiða stefndu allan málskostnað fyrir Hæstarétti.

Þann 11. september 1986 hóf áfrýjandi að taka mөл úr landi Árnanesjarða. Heldur hann því fram að mölin hafi verið tekin úr þeim hluta jarðanna, sem sé eign bræðra hans, Ragnars, Skúla og Egils Jónssona svo og Ásgeirs Núpans. Hann hafði til þess leyfi þeirra og telja þeir mölina tekna í sínu landi.

Stefndu halda því aftur á móti fram að mölin sé tekin í óskiptu landi. Óskipt land sé í eigu þeirra stefndu, bræðra áfrýjanda, Ásgeirs Núpans, Steingríms Sigurðssonar og Huldu Mogensen. Stefndu halda því fram að áfrýjandi hafi hvorki haft þeirra leyfi né Huldu Mogensen til malartökunnar.

Samkvæmt gögnum málsins hafði áfrýjandi farið fram á það við stefnda Guttorm að fá að taka mөл úr sameiginlegu landi Árnanesjarða, en hann ekki viljað leyfa það. Þar sem malartaka úr sameiginlegu landi án leyfis stefnda Guttorms er til þess fallin að raska með ólögætum hætti rétti hans gat hann samkvæmt 26. gr. laga nr. 18/1949 fengið lagt lögbann við slíkri gerð án atbeina sameigenda sinna. Þar sem fógeta mátti vera ljóst strax í þinghaldi 16. september 1986, þá er áfrýjandi kom fyrir fógetarétt, að ágreiningur, sem máli gat skipt, var uppi um mörk séreignarlands og óskipts lands, bar honum sem héraðsdómara, samkvæmt 8. gr. laga nr. 41/1919 sbr. 1. gr. laga nr. 29/1965, að kalla fyrir sig alla þá aðila, sem gátu átt aðild þeirrar sakar, og láta þá lýsa kröfum sínum og bóka þær. Ef ekki varð sátt um mörkin gátu þeir aðilar haldið því máli áfram og fengið þannig úr þeim ágreiningi skorið. Staðfestingarmálið átti síðan samkvæmt 27. gr. laga nr. 18/1949 sbr. 20. gr. 2. mgr. sömu laga að sameina merkjamálinu. Sameigendum varð þannig gefinn nauðsynlegur kostur á að gæta réttar síns varðandi lögbannið.

Þar sem þannig verður ekki annað ráðið af málinu en að grunn-úrlausnarefnið varði mörk séreignarlendna og sameignarlands og ekkert mál hefur verið höfðað, sem réttilega getur skorið úr þeim ágreiningi, en samkvæmt 8. gr. laga nr. 41/1919 sbr. 1. gr. laga nr. 29/1965 verður það ekki gert án atbeina annarra, sem aðild eiga þeirrar sakar, ber þegar af þeim ástæðum að fella áfrýjaðan dóm og lögbannsgerð úr gildi.

Þá athugast að fógötanum bar samkvæmt 28. gr. laga nr. 18/1949 að leitast við að hefja lögbannið á staðnum þar sem mölin var tekin og samkvæmt 27. gr. sömu laga að gefa aðilum kost á að vera viðstaddir öll þinghöld. Þá bar honum að benda áfrýjanda, sem ekki naut lögmannaðstoðar við lögbannsgerðina, á að hann væri leiðbeiningarskyldur gagnvart honum og bóka um það í þingbók. Einnig bar honum að gæta þessa við meðferð staðfestingarmálsins í þeim þinghöldum, sem áfrýjandi naut ekki aðstoðar lögmanns. Þá ber þess að geta að mjög skortir á, að staðfestingarmálið sé nægjanlega skýrlega sett fram fyrir Hæstarétti. Í gögnum málsins og málflutningi hér fyrir dómi skortir samræmi og skýrleika um nöfn bæjanna í Árnanesi, og um örnefni þar. Þá eru hvorki meint mörk séreignar- og sameignarlands nákvæmlega mörkuð á uppdrætti né heldur staðsetning malarnámsins. Nauðsynlegt er að þetta sé gert af kunnáttumanni.

Þá var ekki réttarfarsnauðsyn á aðild Svanhvítar Kristjánsdóttur að málinu, þar sem hún er ekki einn þinglýstra eigenda.

Rétt þykir að hver aðila beri sinn kostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjaður dómur og lögbannsgerð eru úr gildi felld.

Hver aðila beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i

hæstaréttardómaranna Guðrúnar Erlendsdóttur og

Magnúsar Þ. Torfasonar.

Stefndu beiddust þess sem eigendur og ábúendur Árnanes I með bréfi til fógöta 15. september 1986 að „lögbann verði lagt við malartöku“ áfrýjanda „úr sameiginlegu landi Árnanesjarða (I, II,

og III)“ . Í beiðninni sagði nánar að malartakan færi fram í farvegi Laxár norðanvert við flugvöllinn í Nesjahreppi og án samþykkis stefndu eða eiganda Árnanes II, Huldu Mogensen.

Samkvæmt þessu varð nægilega ráðið af lögbannsbeiðninni að beiðst væri lögbanns við malartöku áfrýjanda á tilteknum stað í landi Árnanes. Með lögbanni því er fógeti lagði á og staðfest var með hinum áfrýjaða dómi, var áfrýjanda hins vegar bönnuð taka á möl „úr sameiginlegu landi jarðanna Árnanes I, II, og III“ að beiðni stefndu án tilgreiningar á þeim stað sem bannið ætti við.

Ágreiningur er með aðiljum um það hvort land það sem malar-taka áfrýjanda fór fram á sé séreignarlenda þeirra manna einna, sem heimilað höfðu honum malartökuna, eða lenda sem áfrýjendur og eigendur Árnanes II eigi óskipt með mönnum þessum. Meðan ekki hafði verið leyst úr þeim réttarágreiningi tók lögbannsgerðin eftir orðum sínum ekki af skarið um hvort áfrýjanda væri bönnuð malartaka á þeim stað þar sem hann hafði hafist handa.

Að þessu athuguðu erum við samþykk niðurstöðu meiri hluta dómenda um að fella beri lögbannið úr gildi og að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur aukadómpings Austur-Skaftafellssýslu 12. desember 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. nóvember sl., hafa Guttormur Rafnkels-son og Svanhvít Kristjánsdóttir, Árnanesi 3, Nesjahreppi, höfðað á hendur Pétri Hauki Jónssyni, Akurnesi, Nesjahreppi, með stefnu útgefinni 22. sept. 1986.

Gera stefnendur þær kröfur að staðfest verði lögbann sem sett var í fógetarétti Austur-Skaftafellssýslu hinn 15. september 1986 á malartöku stefnda úr sameiginlegu og óskiptu landi Árnanesjarða I, II og III. Einnig er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi krefst þess að lögbann við malartöku hans verði fellt úr gildi og hann algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnenda og honum verði til-dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnenda eftir mati réttar-ins. Ennfremur áskilur stefndi sér rétt til þess í sérmáli að krefja stefnendur skaðabóta vegna alls tjóns sem hann hefur beðið og kann að bíða vegna lögbannsins.

Sáttaumleitanir af hálfu dómsins hafa ekki borið árangur.

Málavextir eru þeir að stefnendur eru hjón til heimilis að Árnanesi III, en Guttormur er þinglýstur eigandi að jörðinni Árnanesi I, skv. afsali dag-settu 08.06. 1983. Hann er líka erfingi skv. erfðaskrá að hlut Páls Jónssonar

að hálfri jörðinni Árnanesi I. Stefnendur hafa ekki gert með sér kaupmála og hafa því sameiginlegt fjárfélag.

Fimmtudaginn 11. september sl. hóf stefndi í máli þessu, Pétur Haukur Jónsson, verktaki í Akurnesi, malartöku í farvegi Laxár. Þessi malartaka var framkvæmd með þeim hætti að stefndi gerði skarð í varnargarð, gerði vegarslóða þar í gegnum og ók vörubifreiðum og ámoksturstækjum niður í árfarveginn þar sem hann framkvæmdi malartökuna á stað sem merktur er M í dskj. nr. 19. Efni þetta flutti stefndi á flugvöllinn í Árnanesi sem er skammt frá, en stefndi hafði gert samning við Flugmálastjórn um að leggja 5000 rúmmetra efnis á flugbrautina á Árnanesflugvelli. Að sögn stefnenda bað stefndi þá um leyfi til malartökunnar en þau neituðu, m.a. vegna þess að þau töldu hættu á að malartakan myndi spilla varnargörðunum við ána og veiði. Stefndi hafði ekki virt neitun stefnenda og tekið til við malartökuna í sameiginlegu landi Árnanesjarða. Lögðu stefnendur fram skrá um landamerki Árnanes gerða 1. nóvember 1921 og færða inn í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 143 bls. 162, þinglýsta 11. júlí 1922 af Gísla Sveinssyni sýslumanni, landamerkjaskráin er undirrituð af Sigríði Steingrímsdóttur, Vilmundi Jónssyni, Ólafi Stephensen, Jóni Benediktssyni, fyrir Dilksnes Birni Jónssyni, Moritz Steinsen fyrir Bjarnaneskirkju, Hákonni Finnssyni fyrir Borgir, Þorleifi Jónssyni fyrir Þjóðjörðina Hafnarnes, Þorleifi Jónssyni fyrir Hóla, Þórarni Sigurðssyni fyrir part í Setbergi, fyrir Hoffell og Setberg Jóni Guðmundssyni, og Einari Þorvarðarsyni umboðsmanni fyrir Þjóðjarðirnar Borgey og Einholt. Í skrá þessari segir m.a. svo um landamerki Árnanes: „Að norðaustan ráða hreppamörkin milli Bæjar- og Nesjahreppa. Frá þeim mörkum á skerjum er markalína þessi milli Árnanes og Bjarnanes. Af skerjum ofan í Sámsklett í Vítisgljúfri, þaðan ofan eftir Laxá í Áfangahól. Þaðan í Graskil yfir Fljótin í kíldrag er aðskilur Árnanesnýgræður og Vatnafit. Þaðan í stóra vörðu í Ófærahólma í Melsendaál. Þaðan í fjörðinn í sjónhending í austurbrún Staðareyjar en Bjarnanes á veiði alla í firðinum fyrir vestan Flangey.“

Þá lögðu stefnendur fram kort mælt sumarið 1932 af Ásgeiri L. Jónssyni í hlutföllunum 1:1500. Á kortinu er ofangreind markalína Árnanes innfærð í samræmi við hin þinglýstu landamerki.

Fógeti frestaði málinu með vísan til 11. gr. 1. nr. 18/1949, m.a. til þess að bera undir stefnda hugsanlegt tjón hans ef til lögbanns kæmi. Var Jón Ingi Björnsson lögregluþjónn fenginn til þess að boða stefnda fyrir réttinn. Jón Ingi fór og boðaði stefnda, en stefndi neitaði að mæta vegna annríkis. Jón Ingi skýrði frá þessu fyrir réttinum eftir að vitnaábyrgðin hafði verið brýnd fyrir honum.

Að mati fógeta var eigi þörf að beita þeirri heimild 1. mgr. 11. gr. 1. nr. 18/1949 að sækja stefnda með valdi, heldur boðaði hann stefnendur

fyrir réttinn og krafði þá um tryggingu skv. 2. mgr. 9. gr. 1. nr. 18/1949 að upphæð kr. 35.000,00. Var trygging þessi greidd með ávísun. Var síðan kveðinn upp úrskurður þar sem lagt var lögbannt við töku stefnda á mól úr sameiginlegu landi jarðanna Árnanes I, II og III í Nesjahreppi skv. beiðni stefnenda. Var rétturinn síðan færður á eyrarnar við Laxá, þar sem stefnda var kynntur lögbannsrúskurðurinn og þýðing hans. Stefndi hélt áfram malartöku sinni þrátt fyrir lögbannið og varð það til þess að lögmaður stefnenda, Ólafur Þorláksson hrl., sendi sýslumanni bréf dags. 11. sept. sl. og óskaði eftir því að lögbanninu yrði fylgt eftir með atbeina lögreglu. Lét sýslumaður lögreglumenn stöðva malartöku stefnda. Þá fóru fram viðræður við stefnda og bræður hans, Skúla og Ragnar bændur í Akurnesi. Þeir bræður fullyrtu að malartaka stefnda hafi ekki farið fram í óskiptu landi Árnanesjarða heldur í svokölluðu Þinganesstykki, sem hafi verið skipt út úr Árnanesjörðinni. Þetta land eigi þeir bræður Egill, Skúli og Ragnar ásamt Ásgeiri Núpán, Svalbarði 1 á Höfn. Þeir lýstu því yfir að stefndi hefði verið við malartökuna með þeirra leyfi.

Þann 16. september sl. kom stefndi fyrir fógetaréttinn og mótmælti því að frákvæmdir hans hafi verið stöðvaðar og benti á að malartaka hans hafi farið fram í Þinganesstykki, en stefnandi Guttormur hafi ekki sannað að hann ætti neitt í því landi, en því hafi verið skipt frá Árnanesi áður en Árnanes skiptist í fjórar jarðir. Stefndi kvaðst þó ekki hafa undir höndum gögn um þetta en vísaði til ævisögu Þorleifs í Hólum útg. 1954. Þá óskaði stefndi eftir því að fógeti endurskoðaði ákvörðun sína um tryggingarfjárhæð í máli þessu, þar sem líkur væru á að tjón hans yrði töluvert meira en tryggingarfjárhæðin. Fógeti kvaddi stefnendur á sinn fund og gerði þeim að hækka trygginguna í 100.000,00. Var tryggingin greidd með ávísun.

Í stefnu rekja stefnendur helstu málsástæður sínar. Þar kemur fram sú fullyrðing stefnenda að Laxá og farvegur hennar hafi jafnan verið í óskiptri sameign Árnanesjarða á hinu umrædda svæði, en auk þess sé eystri bakki árinna, þar sem malartakan fór fram, einnig í óskiptri sameign jarðanna, en það svæði sé ógirt. Fyrir malartökuna hafi stefndi leitað eftir leyfi stefnenda til malartökunnar en verið synjað, en malartaka sé til þess fallin að spilla veiði í Laxá og skemma varnargarðana.

Stefndi lagði fram yfirlýs. nr. 11, undirritaða af Ragnari Jónssyni, Skúla Jónssyni, Ásgeiri Þ. Núpán og Agli Jónssyni svohljóðandi: „Það hefur aldrei hvarflað að undirrituðum frá því að við eignuðumst þann hluta Árnanesjarða, er áður var í eigu Valdimars Stefánssonar, að Þinganesstykki (Borgarparturinn) væri þar ekki meðtalinn.

Auk þess sem okkur var frá fyrri tíð fullkunnugt um að Þinganesstykki væri óaðskiljanlegur hluti jarðar Valdimars heitins, komu aldrei fram

neinar minnstu athugasemdir frá öðrum Árnanesbændum um nytjar okkar að landinu.

Þegar skipti fóru fram á slægnastykkjum, sem áraskipti voru á að (sic) þá var leitast við að fella lönd saman, t.d. var það með Grjóthólastykkið.

Þá ber einnig að leggja áherslu á að þegar sá hluti Þinganesstykki sem girt var af, komu ekki nein mótmæli frá Árnanesbændum. Má nærri geta hvort slíkri gjörð hefði ekki verið mótmælt ef menn hefðu talið að um sameignarlönd væri að ræða, auðvitað hefði ekki hvarflað að okkur að afmarka og taka óskipt lönd.

Af framanskráðu meðal annars lítum við svo á að umrædd landspilda, Þinganesstykki á Árnanesvöllum, sé ótvírætt í okkar eigu, með tilliti til framangreinds heimiluðum við Péttri Hauki Jónssyni malartöku úr farvegi Laxár innan marka Þinganesstykkis.

Einnig viljum við taka fram að við eigum 1/4 hluta í óskiptu landi Árnanesjarða.“

Einnig lagði stefndi fram yfirlýsingu frá Steingrími Sigurðssyni, Skólabraut 2 á Höfn, í dskj. nr. 14 svohljóðandi: „Hinn svokallaði Borgarpartur var fjórtándi partur úr Árnanesinu. Hann var fjórtándi partur úr Laxárdal austan við Laxá, fjórtándi partur af öllu beitolandinu austan við ána, fjórtándi partur úr túninu úr Árnanesi. Skák upp á hólina í Árnanesi, fjórtándi partur úr nesinu fyrir neðan bæina (afmörkuð skák), fjórtándi partur af engjum sem voru suðvestur af bænum Borgir í Nesjasveit.

Norðurlínan liggur frá svokölluðum Áfangahól beina línu vestur af Hornafjarðarfljótum, meðfram landi sem tilheyrir Meðalfelli. Vestri línan er fljótsbakkinn. Efra markið er svokallaður Graskill að sunnan Áarkill línan að sunnan er frá Áarkil og austur að Grjóthólastykki. Sunnan þessarar línu vestast er landið Áarhólmar, eigandi Hulda Mogensen. Þar austar er land sem tilheyrir austurbæ Árnanes og austast fyrir framan eign Steingríms Sigurðssonar. Mörkin að austan er Grjóthólastykki og Hundshóll. Fóstursonur foreldra minna var Valdimar heitinn Stefánsson, hann var orðinn meðeigandi í jörðinni Suðurbæ í Árnanesi og þar með í Borgarpartinum því faðir minn Sigurður Pétursson hafði keypt Borgarpartinn árið 1919.

Sonur Jóhönnu, konu Þorgríms læknis Þórðarsonar, sem var héraðslæknir Austur-Skaftfellinga og bjó Þorgrímur á læknissetrinu Borgum, átti partinn. Þessi piltur hafði fengið þetta land í arf, frá hverjum veit ég ekki.

Laxáin var erfið viðureignar, hún veltist sitt á hvað yfir aurana niður að Árnanesi sem nú er Árnanesflugvöllur. Það komu svo til okkar Valdimars menn, sem báðu um að fá að grafa farveg fyrir Laxána yfir Borgarpartinn vestur í Hornafjarðarfljótin. Það leyfðum við og hefur áin haldið sínu striki síðan.“

Þá lagði stefndi fram ljósrit úr ævisögu Þorleifs í Hólum, dskj. nr. 15, en þar segir m.a. á bls. 181: „Eins og getið er um áður, féll Stefán í Árnanesi frá 1884. Erfingjar hans voru Guðrún kona hans, Einar bóndi í Árnanesi, Eiríkur vinnumaður þar, og Halldóra, kona Eymundar í Dilksnesi, og svo Stefán Björnsson, sonur Jóhönnu. Skipti á búinu munu ekki hafa farið fram, a.m.k. til fullnustu, fyrr en læknishjónin voru komin, og fékk Stefán m.a. 2½ hndr. úr Árnanesjörðu. Var ákveðið landssvæði austan við Laxá, hinum megin við Borgir, og afmælt stykki úr túni og útengi.“

Þá lagði stefndi fram matsgerð Pálma Einarssonar landnámsstjóra, dskj. nr. 17, og uppdrátt af flugvallarenda Árnnessflugvallar.

Í greinargerð lögmanns stefnda kemur fram að hálfan Borgarpart úr Árnnesslandi hafi þeir Egill, Skúli og Ragnar Jónssynir keypt að 4/5 hlutum af Ásgeiri Núpan, sem enn á 1/5 hluta. Áður hafði Valdimar heitinn Stefánsson átt þennan hluta Borgarpartsins. Þessi hluti Árnnesslands hafi jafnan verið útskiptur frá því að hann komst í eigu Stefáns Björnssonar, sonar Jóhönnu Knudsen, sem giftist Þorgrími Þórðarsyni lækni í Borgum 1884. Stefán Björnsson var meðal erfingja eftir Stefán í Árnanesi og fékk m.a. 2½ hundraða í Árnanesjörðinni eftir hann. Vísar lögmaður stefnda hér til framangreindrar ævisögu Þorleifs í Hólum. Þá vísar lögmaðurinn til yfirlýsingar Steingríms Sigurðssonar um mörk landssvæðis þessa og telur að þau hafi verið virt í hundrað ár af eigendum Árnnessjarða og öðrum. Ljóst sé af þessu að stefnendur eigi enga eignaræild að landi því sem malartakan fór fram í og hefði því lögbann ekki átt að ganga fram. Þá dregur lögmaður stefnda í efa að stefndi Guttormur sé réttur aðili að máli þessu, þar sem ekki sjáist með hvaða heimild þeir bræður Páll og Guðjón Jónssynir hafa ráðstafað Árnanesi I. Lögmaður fullyrðir að malartaka stefnda væri til þess fallin að styrkja bæði varnargarðana við Laxá og veiði í ánni.

Þá telur lögmaður stefnda að þó svo að stefndi hefði í raun verið í sameiginlegu landi Árnness, ætti allt að einu að fella lögbannið úr gildi þar sem sameigendur, sem ætlað er að eigi sama landssvæði er malartaka fór fram á, stóðu ekki allir saman að lögbanninu og skorti hér á skilyrði 46. gr. eml. nr. 85/1936, að ef fleiri en einn eiga saman óskipt réttindi eða bera saman óskipta skyldu, eiga þeir óskipta sakaraðild. Ef á brestur þetta skilyrði, að sameigendur taki ekki allir þátt í málshöfðun, skal vísa máli frá dómi og hefði átt að vísa lögbannsmálinu frá dómi af þessari ástæðu.

Þá telur lögmaður stefnda að sú staðhæfing stefnenda að malartökustaðurinn sé innan marka óskipts lands Árnnessjarða sé ágreiningur um landamerki sem virt hafa verið af öllum í heila öld. Slíkum ágreiningi ætti að leysa úr eftir lögum um landamerki nr. 41/1919 milli þeirra sem hlut eiga að eða leysa ágreininginn eftir landsskiptalögum nr. 46/1941. Lög-

banninu sé beint gegn röngum aðila, þar sem því sé ekki beint gegn landeigendum sem leyfðu malartökuna. Ætti einnig þess vegna að fella malar-tökuna úr gildi. Þá mótmælir lögmaður stefnda þeirri tryggingu sem sett var fyrir lögbanninu sem alltof lágrí og áskildi stefnda rétt til þess að sækja bótarétt sinn úr hendi stefnenda í sér máli vegna lögbanssins.

Að ósk stefnda kom vitnið Steingrímur Sigurðsson, Skólalabru 2 Höfn, fæddur 16.01. 1903, fyrir dóminn.

Vitnið staðfesti yfirlýsingu sína í dskj. nr. 14 um mörk Borgarpartisins og kannaðist vitnið við undirskrift sína á skjalinu. Sagði vitnið að faðir þess Sigurður Pétursson hafi keypt Borgarpartinn árið 1919. Sagði vitnið að faðir þess hafi þinglýst eignarheimildum sínum fyrir Borgarpartinum, en vitnið kvaðst ekki geta vísað á það skjal, en kvaðst hafa séð það, líklega skömmu eftir að faðir þess keypti Borgarpartinn. Vitnið kvaðst ekki minnst þess að hafa séð skjalið eftir að faðir þess féll frá og ekki getað imyndað sér hvað varð af skjalinu. Vitninu var sýnt kort Ásgríms (sic) L. Jónssonar, mælt sumarið 1932, og það spurt hvort það gæti gefið skýringu á því hvers vegna mörkin milli Borgarpartisins og Árnanesjarða séu ekki sett inná kortið þrátt fyrir að 13 ár voru frá því að faðir þess keypti þetta land. Vitnið gat ekki skýrt þetta en tók fram að þegar kortið var gert, þá hafi Borgarparturinn verið afgirtur eftir þeim mörkum sem vitnið lýsir í dskj. nr. 14. Þá sagði vitnið að býli hefði aldrei verið í Borgarparti og engin mannvirki. Þá sagði vitnið að það og Valdimar heitinn Stefánsson hefðu látið land undir varnargarða við Laxá, en þeir áttu þá að jöfnu það land sem faðir vitnisins áður átti.

Vitnið Ásgeir Núpan, fæddur 22.06. 1922, kom fyrir dóminn að ósk stefnda. Vitnið kvaðst eiga 1/5 af helmingnum af Árnanesi III, en 4/5 af Árnanesi III hafi það selt þeim Agli, Ragnari og Skúla Jónssonum. Vitnið kvaðst hafa keypt hlut sinn í Árnanesi III af Sigríði Stefánsdóttur, Jóhönnu Matthíasdóttur og Sigríði Matthíasdóttur árið 1970, en einn hluta jarðarinnar hafi það erft. Vitnið kvaðst ekki treysta sér til þess að tjá sig um merkingar á dskj. nr. 20. Vitnið kvaðst ekki treysta sér til þess að fullyrða að Þinganesstykkið sé allt afgirt. Vitnið kveðst þó telja að malartökustaðurinn sé tilheyrandi Þinganesstykkinu. Þá kvaðst vitnið ekki treysta sér til þess að fullyrða að Þinganesstykkið sé réttilega afmarkað í dskj. nr. 12, það er korti Ásgeirs (sic) L. Jónssonar mældu 1932, afriti sem lögmaður stefnda lagði fram eftir að dregnar höfðu verið upp línur á kortið um Þinganesstykkið, hluta Borgarparts.

Þá kvaðst vitnið ekki hafa heyrt að aurarnar við Laxá eða varnargarðarnir væru í óskiptu landi. Þá kvaðst vitnið ekki geta bent á gögn, sem hefðu að geyma mörk Þinganesstykkis og það kannaðist ekki við að hafa heyrt þeirra getið. Þegar vitninu var lesinn sá hluti ævisögu Þorleifs

í Hólum sem lagður var fram í réttinum í dskj. nr. 15, þá sagði vitnið að það kannaðist ekki við að Borgarpartur væri svo ofarlega sem þar segir.

Vitnið Ragnar Jónsson, fæddur 05.07. 1946, Akurnesi í Nesjahreppi, kom hér fyrir dóminn. Vitnið er bróðir stefnda og einn eigenda að Árnanesi III. Vitnið staðfesti efnið í dskj. nr. 11 svo og mörk Þinganesstykkis, hluta Borgarparts í dskj. nr. 12 og vísaði til yfirlýsingar vitnisins Steingrims Sigurðssonar í dskj. nr. 14 og matsgerðar Pálma Einarssonar í dskj. nr. 17, 5. lið, þar sem gott vallendi sé talið séreign Valdimars Stefánssonar. Þá benti vitnið á Ævisögu Þorleifs í Hólum dskj. nr. 15. Vitnið kveðst ekki kannast við að farvegur Laxár og varnargarðar séu í óskiptu landi og sagði að girðingar með varnargörðum væru ekki í mörkum Borgarparts þeim megin sem veit að varnargörðunum og malartökustaðurinn sé í Þinganesstykki þó að hann sé utan girðingar. Benti vitnið á að Þinganesstykkið hafi alltaf verið útskipt úr Árnaneslandi allt frá því 1886 þegar þetta land komst í eigu Stefáns Björnssonar í Borgum.

Vitnið Skúli Jónsson, fæddur 11.01. 1926, Akurnesi í Nesjahreppi, bróðir stefnda og einn eigenda að Árnanesi III, kom fyrir dóminn og kannaðist við yfirlýsingu sína í dskj. nr. 11 og sagði að Þinganesstykki sé girt að hluta og malartaka stefnda hafi farið fram utan girðingar. Taldi vitnið að Þinganesstykkið væri réttilega fært inná dskj. nr. 12. Sagðist vitnið hafa heyrt að mörkin væru með þessum hætti. Auk þess hafi vitnið Steingrímur Sigurðsson skrifað þetta niður og benti vitnið á þau gögn sem fyrir liggja í máli þessu, en aðrar heimildir vissi vitnið ekki um.

Vitnið Arnbjörg Sveinsdóttir, fædd 06.12. 1911, Dýhóli í Nesjahreppi, móðir stefnanda, Guttorms Rafnkelssonar, gaf skýrslu fyrir dómnum og kvaðst hún hafa búið í Árnanesi frá 1932, en á Dýhóli, sem er nýbýli útúr Árnanesi, frá 1940. Þegar vitninu var sýnt dskj. nr. 20 sagði það að margir bændur hefðu fengið slægjur í Árnaneslandi um aldamótin, sumir fengu sama landið ár eftir ár, þar á meðal Þinganesbændur sem höfðu slægjur í Þinganesstykki. Þessum stykkjum hefði einungis verið skipt út sem slægjulöndum en öðru landi hafði að engu leyti verið skipt út og öll hlunnindi, þ.m.t. mótekja, hefðu verið nýtt að jöfnu af Árnanesbændum. Malartekju hafi aldrei verið skipt að neinu leyti, a.m.k. ekki staðbundið. Tekjum vegna malartekju hafi verið skipt að jöfnu milli Árnanesjarða. Þá kvaðst vitnið aldrei hafa heyrt að Þinganesstykkið hafi fylgt Borgarparti. Borgarparturinn hafi verið upp með Laxá ofan þjóðvega og hafi fallið undir Akurnes þegar Akurnes varð nýbýli. Hins vegar hafi þessi hluti náð því að vera 1/14 hluti af landi Árnanes. Vitnið telur að þessi spilda hafi verið ca. 30-35 hektarar, sem fyrst var látin undir Akurnes. Vitninu voru sýnd dskj. nr. 19, 20 og 12 og taldi það að malartökustaðurinn á dskj. nr. 19 og 20 sé í óskiptu landi Árnanesbæja á aurunum við Laxá

og lýsti því yfir að aðeins gróið land sé í séreign. Þá taldi vitnið að mörk Þinganesstykkis og hluta Borgarparts séu ranglega færð inná kortið í dskj. nr. 12, þar sem malartökusvæðið eigi ekki að vera innan markanna. Þríhyrningurinn milli markalínu úr Áfangahól í graskýlinn í mynni Laxár og milli Áfangahóls og Hundshóls og frá Hundshóli í Laxá sé að hennar áliti í óskiptri sameign Árnanesjarða. Þinganesstykki sé aðeins gróið land, en þar sem möl liggja að þessum stykkjum í Árnaneslandi þá tilheyri mölin óskiptri sameign. Gildi þetta um öll þau stykki sem séu í Árnaneslandi.

Aðilar málsins gáfu aðilaskýrslur hér fyrir dóminum 24. nóv. sl.

Stefndi upplýsti að hann hafi beðið þá Egil, Ragnar og Skúla Jónssyni, bræður sína, og Ásgeir Núpan að fá að taka efni úr þeirra landi. Hann hafi einnig talað við stefnandann Guttorm og falast eftir því að fá efni úr landi, sem Guttormur á í óskiptu með öllum eigendum Árnanesjarða. Guttormur hafi neitað stefnda um malartökuna. Stefndi hafi því gætt þess að taka ekki möl úr óskiptu landi.

Þá sagði stefndi að ef hann hefði ekki náð 5000 rúmmetrum af möl á malartökustaðnum, þá hefði hann farið út að Illukelduhól við Laxá og tekið þar þá möl sem kynni að vanta. Þá viðurkenndi stefndi að hafa gert rauf í varnargarðinn við Laxá í september sl. til þess að geta ekið að malar-tökustaðnum. Hann hafi ekki fyllt raufina upp enn, en hann kveðst gera það þegar lögbanninu væri aflétt.

Stefnandi Guttormur Rafnkelsson gaf skýrslu í máli þessu 24. nóv. sl. Hann lýsti því yfir að hann teldi að árfarvegi Laxár milli varnargarðanna hafi ekki verið skipt frá brú á þjóðvegi niður að Hornafjarðarfljóti. Þetta svæði sé í sameign Árnanesjarða. Þá sagði stefnandi að Borgarparturinn, þ.e. Þinganesstykki og Krossbæjarstykki, hefðu verið eign þeirra Steingríms Sigurðssonar og Valdimars Stefánssonar eins og þessi stykki eru mörkuð inná dskj. nr. 20, þ.e. eins og girðingar afmarka stykkinn. Eigendur Borgarpartsins hefðu m.ö.o. girt Borgarpartinn af og stefndi hafi ekki verið í þessu landi við malartökuna. Þá staðhæfði stefnandi að stefndi hafi nokkrum sinnum áður tekið efni á þessum slóðum með leyfi stefnanda og þá hafi stefndi greitt fyrir þær efnistökur m.a. til hans, hins vegar hafi hann neitað stefnda um malartökuna þar sem stefndi hafi ekki hirt um að standa skil á þessum greiðslum. Stefnandi sagði að stefndi hefði greitt honum 1/4 af gjaldinu fyrir malartökuna. Stefnandi sagði að hann sem einn eigenda í óskiptri sameign hefði rétt til þess að stöðva framkvæmdir sem þessar teldi hann á sér brotið.

Í 1. gr. 1. mgr. i.f. laga nr. 41/1919 um landamerki segir að setja skuli merki um lendur eða landhluta sem skipt er úr landi jarðar með girðingum, skurðum eða vörðum, enda hafi eigi áður verið sett greinileg merki er löglega sé við haldið. Þá er í 2. gr. sömu laga lögð sú skylda á landeiganda

eða fyrirsvarsmann að gera glöggva skrá um landamerki, eins og hann veit þau réttust. Skal þar og getið ítaka og hlunninda í landi þar, svo og þeirra ítaka og hlunninda er því landi fylgja í lönd annarra manna. Merkjálýsingu þessa skal hann sýna hverjum þeim sem land á til móts við hann, eða fyrirsvarsmanni hans, svo og aðiljum ítaka og hlunninda skv. framanskráðu.

Hér fyrir dóminum hafa ekki verið lögð fram nein gögn sem sýna að landi því sem stefndi framkvæmdi malartöku sína á hafi verið sett önnur merki en greinir í dskj. nr. 7, þ.e. landamerki Árnanes frá 1. nóv. 1921, innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 143 og þinglýst af Gísla Sveinssyni 11. júlí 1922. Þrátt fyrir fullyrðingu vitnisins Steingríms Sigurðssonar um að faðir hans hafi þinglýst eignarheimildum sínum fyrir Borgarpartinum, þá hefur það skjal ekki fundist við embættið og stefndi hefur ekki lagt það fram og í ofangreindri landamerkjaskrá fyrir Árnanes er hvorki getið Borgarparts né Þinganesstykkis og þykir því hæpið að líta svo á að mörk Borgarparts, svo sem þeim er lýst af vitninu Steingrími Sigurðssyni í dskj. nr. 14, séu gerð skv. l. nr. 41/1919 og þykir ævisaga Þorleifs í Hólum ekki fullgilt sönnunargagn um þetta atriði, enda mörkum landshluta þessa ekki ítarlega lýst þar.

Ekki er fallist á þau rök lögmanns stefnda að stefnendur séu ekki réttir aðilar að máli þessu, þar sem stefnandi er þinglýstur eigandi að jörðinni Árnanesi I skv. afsali dags. 8. júní 1983 og stefnandinn Svanhvít er kona hans og þau hafa ekki gert kaupmála eða slitið fjárfélagi sínu.

Þá er ekki fallist á þau rök lögmanns stefnda að á skorti skilyrði 46. gr. eml. nr. 85/1936 um samaðild stefnenda og annarra eigenda Árnanesjarða þar sem eðlilegt er að samþykki allra sameigenda þurfi til þess að nýta malarnám með þeim hætti sem um er fjallað í máli þessu.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið þykir verða að taka kröfur stefnenda til greina í málinu, og verður lögbann það sem lagt var við malartöku stefnda úr sameiginlegu landi jarðanna Árnanes I, II og III í Nesjahreppi með úrskurði sýslumanns Austur-Skaftafellssýslu þann 15. sept. 1986 staðfest og stefndi dæmdur til þess að greiða stefnendum kr. 60.000,00 í málskostnað.

Páll Björnsson sýslumaður kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Lögbann, sem lagt var við töku stefnda Péturs Hauks Jónssonar, Akurnesi í Nesjahreppi, á möl úr sameiginlegu landi Árnanes I, II og III, staðfestist.

Stefndi greiði stefnendum Guttormi Rafnelssyni og Svanhvíti Kristjánsdóttur kr. 60.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.